

Blómin og býflugurnar

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Númer samnings: UMS-71

Kvennaskólinn í Reykjavík

Skólaárið 2013-14

Nafn verkefnisstjóra: María Pálsdóttir

Tengiliður og ábyrgðaaðili Kvennaskólans í Reykjavík: Þórður Kristinsson

Nafn skóla:

Kvennaskólinn í Reykjavík

Nafn verkefnisins:

Blómin og býflugurnar

Nafn verkefnisstjóra:

María Pálsdóttir. Tengiliður og ábyrgðaaðili Kvennaskólans í Reykjavík: Þórður Kristinsson

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:

UMS-71, árið 2013

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Að útbúa í samstarfi við nemendur Kvennaskólans leiksýningu/uppistand sem tekur á kynlífi, kynheilbrigði og samskiptum kynjanna. Með viðtölum, umræðum, gagnrýni og hópverkefnum munum við skyggjast inni hugmyndaheim nemendanna og kynnst áhyggjum þeirra og ótta en líka eftirvæntingu og gleði í sambandi við efnið.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Markmið verkefnisins var að útbúa í samstarfi við nemendur Kvennaskólans í Reykjavík leiksýningu/uppistand sem tekur á kynlífi, kynheilbrigði og samskiptum kynjanna. Uppistandið er unnið í gegnum Þörupilta, en það eru þrír mjög ólíkir karlmannskaraktarar sem leikkonurnar María Pálsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir og Alexía Björg Jóhannesdóttir túlka. Saman mynda þær leikhóp undir nafninu Kvenfélagið Garpur. Auk þeirra kom Sigríður Dögg Arnardóttir kynfræðingur með hjálplegar ábendingar.

Þegar ljóst var að Sprotasjóður myndi styrkja verkefnið hófst undirbúningur verkefnisins þar sem leikkonurnar funduðu með kennurunum Björk Þorgeirsdóttur og Þórði Kristinssyni í Kvennaskólanum í Reykjavík. Þar var kortlagt hvenær og hvernig best væri að koma nemendum í samstarf við leikhópinn og farið yfir hvernig kennarar hafa nálgast viðfangsefni verkefnisins í gegnum kennslu.

Nemendur Kvennaskólans í Reykjavík komu að verkefninu sem sérfræðingar um hvað þyrfti að vera í kynfræðsluefni fyrir þennan aldurshóp sem og hvernig best væri að útfæra atriði sem tækju á þeim málum sem nauðsynlegt væri að fjalla um og veita höfundum verksins hugmyndir um skemmtilegar dæmisögur sem hægt væri að vinna með. Það var ákveðið í samráði við kennara að notast við nemendur í kynjafræðiáfangi skólans en þeir hafa náð 18 ára aldri og því óþarft að sækja eftir leyfi foreldra til þess að vinna með þeim verkefnið. Einnig er sá hópur líklegri til þess að hafa áhuga á umfjöllunarefninu og hefur fengið fræðslu sem nýtist til gagnrýnis sjónarhorns. Um 50 nemendur tóku að einhverju leiti þátt í verkefninu haustönnina 2013 og rúmlega 60 nemendur vorönnina 2014.

Til þess að nemendurnir áttuðu sig á forminu var byrjað á að leyfa þeim að horfa á uppistand Þörupilta, *Homo erectus*, sem var sýnt í í Þjóðleikhúskjallaranum veturinn 2012-13. Eftir sýninguna ræddu nemendur og leikarar saman um efnið og möguleikana sem fólst í því að láta þörupiltana fjalla

um það á sinn einstaka hátt. Nemendur voru þá látnir gera verkefni þar sem þeir skrifuðu um reynslu sína af kynfræðslu og hvaða þætti þeir teldu mikilvægt að væri komið inn á í svona fræðslu. Þeir voru einnig beðnir um að deila goðsögum um kynlíf sem þeir höfðu heyrt. Þá voru nemendur beðnir um að gefa til kynna hvort og hvernig þeir vildu taka þátt í að móta sýninguna. Úr varð að 14 nemendur buðu sig fram, 11 stelpur og 3 strákar. Næstu vikur unnu þau á skólatíma með leikkonunum þar sem þróuð voru nokkur atriði og skiluðu nemendurnir skýrslum um ferlið til kennara.

Skrif að handriti fóru meðfram þessari vinnu með nemendum og í febrúar 2014 kynntu Pörupiltar afraksturinn fyrir nýjum hópi nemenda í kynjafræði. Þeir nemendur sem höfðu tekið þátt í minni hópnum fengu einnig að taka þátt. Pörupiltar fluttu verkið og fengu síðan munnlegar og skriflega athugasemdir frá nemendahópnum. Þá fór ein kennslustund til viðbótar í að fara yfir lausa enda og fara yfir skriflegu athugasemdirnar sem höfðu komið frá nemendum eftir rennslíð í kennslustundinni.

Þann 10. febrúar var nemendum og kennurum við Kvennaskólann í Reykjavík boðið á forsýningu uppistandsins og var salurinn fullsetinn af Kvenskælingum. Það var lögð áhersla á að hafa fyrstu bekkina, sem eru næstir markhópnum í aldri, auk þeirra nemenda sem voru í kynjafræðiáfanganum. Eftir sýninguna var opnað á umræður og athugasemdir um hvernig til tókst. Nemendur kynjafræðiáfangans skrifuðu þá skýrslu um viðburðinn með athugasemdum um hvað þeim fannst vel gert og hvað hefði mátt fara betur. Skýrslurnar voru allar á þann veginn að nemendum fannst vel að verki staðið auk stolts yfir því að hafa fengið að taka þátt í mótunarferlinu. Kennarar sem fylgdu nemendum sínum á sýninguna voru einnig beðnir um að spyrja nemendur sína hvernig til hefði tekist og voru viðbrögðin á allan hátt hin jákvæðustu.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Aðstandendur verkefnisins leituðu einnig ráða hjá Sigríði Dögg Arnardóttur kynfræðingi. Eftir þann fund var ljóst að líklega myndi sýning eins og verkefnið snýst um henta frekar yngri nemendum en á framhaldsskólastigi. Breyttist því markhópurinn frá fyrsta ári framhaldsskólanna yfir í elstu bekki grunnskólans.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Erfitt reyndist að fjármagna verkefnið en með mikilli sjálfboðavinnu náðist að skila af sér verkinu.

Stundum reyndist erfitt að finna réttan tíma sem hentaði bæði leikurum, kennurum og nemendum. Alltaf reyndist þó hægt að finna lausn á því að lokum.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningurinn við verkefnið er að sjálfsögðu afrakstur þess, uppistand pörupiltanna um kynlíf þar sem fjallað er um viðkvæmt málefni á hispurslausan og aðgengilegan máta þannig að henti

markhópnum. Uppistandið hefur skilað sér í miklu umtali bæði í fjölmiðlum og í nærumhverfi þeirra ungmenna sem hafa sótt sýninguna.

Jákvæðar hliðarafurðir sem var ekki beinlínis lagt upp með sem markmið verkefnisins er að samvinna nemenda og þörupilta bætti við og dýpkaði að hluta umfjöllun og kennslu um kynslu og karlmennskur í kynjafræðiafanganum.

Þá er hægt að nefna að það að fara á uppistand með nemendur brýtur upp hversdagslífið og eykur samheldni hópsins og skólaandann.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Markhópur uppistandsins breyttist í ferlinu þannig að Þörupiltar eiga án efa eftir að flytja verkið fyrir grunnskólanemendur næstu misseri. Samstarf kennara við Þörupilta á eftir að skila sér í kynjafræðikennsluna hjá þeim í umfjöllun bæði um karlmennskur og kynslu.

Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.

- Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.

Kynfræðsla er að mörgu leiti erfið viðfangs í skólakerfinu og Þörupiltar eru sniðug leið til þess að fjalla um kynlíf, kynþroska og tilfinningar á hispurslausan og aðgengilegan máta.

- Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Markmiðin náðust – eftir starfið liggur fyrir sýning Þörupilta. Kynfræðsla Þörupilta var sýnd 15 sinnum í Reykjavík og 3 sinnum á Akureyri og einnig var sýningunni boðið á leiklistarhátíðina *Pop Up Art House* í Helsinki, Finnlandi. Leikkonurnar þýddu verkið yfir á ensku fyrir það tilefni. Á dögnum fékk sýningin tilnefningu til foreldraverðlauna Heimilis og skóla og verða verðlaunin afhent 8.maí. Leikkonurnar hafa fullan hug á að halda verkefninu áfram og leita nú logandi ljósi að bakhjarli svo komandi kynslóðir fái sömu fræðslu sér að kostnaðarlausu.

- Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Verkefnið heldur ekki áfram í Kvennaskólanum í Reykjavík en grunnskólar landsins eiga án efa eftir að njóta góðs af sýningunni.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Sýning Þörupilta var sýnd í Borgarleikhúsinu fyrir grunnskólanemendur í 10. bekk, skólum að kostnaðarlausu. Sýningin hlaut verulega fjölmiðlaathygli og þykir hafa skilað tilgangi sínum vel. Verkið fór síðan í almennar sýningar í örlítið breyttu sniði sem hentaði betur nýjum markhópi. Þá var hugsunin sú að hún myndi henta hinum almenna leikhúsgesti og þá sérstaklega kennurum og foreldrum unglunga.